

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Árborg.**

### 1. gr.

Bæjarstjórn Árborgar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg frá 16. janúar 2002.

### 2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 10.400 á íbúð.

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar.

Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flókkur 1	kr. 14.700
Flókkur 2	kr. 29.400
Flókkur 3	kr. 42.000
Flókkur 4	kr. 87.000
Flókkur 5	kr. 138.000
Flókkur 6	kr. 208.000
Flókkur 7	kr. 271.000
Flókkur 8	kr. 340.000
Flókkur 9	kr. 407.000
Flókkur 10	kr. 481.000

Aðilum er raðað í gjaldflokka eftir magni samkvæmt mælingu framkvæmda- og veituvíðs Árborgar.

Gjalddagi er 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga

Aðilar sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á urðunarsvæði Sorpstöðvar Suðurlands greiða urðunarkostnað, samkvæmt vigunarseðlum frá sorpstöðinni, sem innheimtur er af sveitarfélaginu.

### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Árborgar, staðfestist hér með, skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Fjárhæðir skv. 2. gr. endurskoðast árlega við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

Samþykkt í heilbrigðisnefnd Suðurlands 19. febrúar 2003.

*Selfossi, 4. mars 2003.*

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar,

**Einar Njálsson** bæjarstjóri.

